

Fundargerð

410. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 10. ágúst 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Erna Indriðadóttir, Kári Jónasson og Reynir Vilhjálmsson.

Auk voru mættir vegna liðar 1. Þorbergur Halldórsson form. bygginganefndar FEB og Gunnar Björnsson nefndarmaður.

Fundargerðir tveggja síðustu stjórnarfunda undirritaðar.

1. Verksamningur við MótX

Formaður FEB skýrði frá að hann hefði verið boðaður af formanni byggingarnefndar á í júlí að mæta og undirritað viðbótarverksamning við MótX með fyrirvara um samþykki stjórnar. Þorbergur og Gunnar úr bygginganefnd fóru yfir útreikninga og niðurstöður frá MótX vegna aukaútgjalda við bygginguna að Árskógum 1-3. Þeir útreikningar hafa verið samþykktir af byggingarnefndinni. Margt hefur átt sér stað við byggingu hússins, sem veldur þessum auknu útgjöldum s.s. illa frágengnar teikningar frá upphafi, sein afgreiðsla af hálfu borgar á samþykktum og fl., einnig frá upphafi. Miklar breytingar hafa orðið á húsunum á byggingartíma, íbúðum fjölgað og salernum bætt við. Sem kosta miklar og dýrar framkvæmdir við lagnir, múrbrot og fl.

Landsbankinn sem er fjármögnunaraðili gerir athugasemdir við þessa útreikninga. Þykir talan of há. Húsin er nú fókheld. Íbúðir eru 68 alls.

Formaður lagði til að afgreiðsla viðbótarsamningsins yrði frestað þar sem fyrir lægi að óvissa er um áframhaldandi fjármögnunarsamning við LB. Tillaga formanns um frestun að var samþykkt.

2. Úthlutun íbúða við Árskóga

Bréf voru send út í júní til um 90 sem flest „stig“ fengu skv reglum stjórnar FEB frá því í ágúst 2017. Síðan fylgt eftir með tölvupósti nú í byrjun ágúst. 60 hafa nú svarað þar af 56 jákvætt. Gögn verða afhent fasteignasala til frágangs og skjalagerðar. Farið verður fram á 10% innágreiðslu kaupenda við gerð samnings.

3. Samþykkt bráðabirgðastjórnar Leigufélags aldraðra

Umræða um skipan stjórnar leigufélagsins sem gengið var frá í tölvupósti í sumar.

Í SAMÞYKKTUM segir *Stjórn Leigufélags aldraðra skal skipuð fimm mönnum og a.m.k.*

einum varamanni. Nöfn stjórnarmanna sem samþykktir voru; Gísli Jafetsson formaður,

Brynjólfur Sigurðsson, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Til vara Sverrir Hermann Pálmarsson.

4. Erindi Helgu Völu vegna íbúðar að Skúlagötu 40

Ósk Helgu Völu hafnað samkvæmt fyrri afgreiðslu skyldra mála - svarað að höfðu samráði við lögfræðing FEB.

5. Tilnefninga óskað í ferlinefnd fatlaðs fólks í Reykjavík – FEB x 2

Afgreiðslu frestað.

6. Tilnefningar í Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Þegar tilkynnt um eftirfarandi fulltrúa í nýtt Öldungaráð Reykjavíkurborgar. Ellert og Bryndís Hagan aðalmenn, Sjöfn og Brynjólfur Sigurðsson til vara.

7. Samstarf við Hringbraut – framhald

EBS reifaði framhald samstarfs og mælti með framhaldi þess skv. drögum sem hafa verið kynnt fyrir honum þar sem um yrði ræða 12 þætti frá sept. til des. 2018. Samþykkt að formaður ræði efnisþætti með undirnefnd stjórnar.

8. Lóðamál - úthlutun Rvk borgar

Verða rædd frekar á fund formanns og framkvæmdastjóra FEB með borgarstjóra og forseta borgarstjórnar nú í lok ágúst.

9. Vinnufundur stjórnar

Vinnufundur stjórnar er fyrirhugaður fimmtudaginn 30. ágúst n.k. frá kl. 10.00 í sal FEB.

Önnur mál

EBS kom inn fund sinn með Hauki Halldórssyni formanni nefndar um bætt kjör aldraðra. Fyrirhugaður fundur formanns og framkvæmdastjóra með borgaryfirvöldum í lok ágúst (frestað og frestað).

Þorbjörn kom inn á og spurðist fyrir um vinnubrögð kjaranefndar LEB og samspil við nefnd velferðarráðherra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11.30.

Samþykkt;